

Þriðjudaginn 4. júní 1991.

Nr. 212/1991. **Gísli Þorkelsson**
vegna Brauðbúrsins Víoru
 gegn
Gunnþórunni Sigurjónsdóttur
og Júlíusi Guðmundssyni.

Kærumál. Kæruheimild. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttar-dómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. maí 1991. Hann kærir Júlíus Guðmundsson, fulltrúa yfirborgarfógeta, og telur, að hann hafi ekki staðið við munnlegt samkomulag þeirra, gert 19. apríl sl., um frest á fjárnámsgerð. Jafnframt krefst hann ógildingar á gerðinni, þar sem ekki hafi verið „heiðarlega“ að henni staðið.

Júlíus Guðmundsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, hefur sent réttinum athugasemdir sínar. Þar segir:

„Hinn 19. apríl 1991 var Gísli Þorkelsson mættur í fógetarétti Reykjavíkur vegna lögtakskröfu lífeyrissjóðs Dagsbrúnar og Framsóknar á hendur honum. Lögmaður gerðarbeiðanda var Jón Haukur Hauksson hdl. v/Magnúsar Norðdahls hdl. Er það mál hafði verið afgreitt, óskaði Jón Haukur eftir því, að tekin yrði fyrir fjárnámsbeiðni á hendur Gísla. Aðfararheimild í því máli var dómur bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 2336/1990: Gunnþórunn Sigurjónsdóttir gegn Gísla Þorkelssyni v/Brauðbúrsins Víoru.

Gísli Þorkelsson upplýsti, að hann hefði óskað eftir leyfi til áfrýjunar á málinu, og væri svars við þeirri beiðni að vænta næstu daga. Urðu aðilar ásáttir á að fresta fyrirtöku í málinu til 23. apríl 1991. Er málið var síðan tekið fyrir þann dag, kvaðst Gísli ekki enn hafa fengið svar við beiðni sinni. Lögmaður gerðarbeiðanda krafðist þess, að fjárnámsgerðin færi fram, og var svo gert og gerðinni lokið sem árangurslausri, eins og fram kemur í gögnum málsins.

Gerðarþola var leiðbeint undir rekstri málsins, eftir því sem unnt

var. Undirritaður óskaði eftir því með vísan í 23. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, að kærandi orðaði kæru sína skýrar, en hann taldi enga þörf á því.“

Samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands verður fógétagerðinni sjálfri ekki skotið til réttarins með kæru. Ber þegar af þeirri ástæðu að vísa frá Hæstarétti kröfu sóknaraðila um ógildingu á gerðinni.

Heimild til að kæra héraðsdómarann er hins vegar í 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Ósannað er, að héraðsdómarinn hafi gert á hluta sóknaraðila, og er því kæru hans hafnað.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafist.

D ó m s o r ð:

Kröfu sóknaraðila, Gísla Þorkelssonar, um ógildingu framangreindrar fjárnámsgerðar er vísað frá Hæstarétti.

Hafnað er kæru hans á hendur Júlíusi Guðmundssyni, fulltrúa yfirborgarfógeta.